



Menntun og menning fyrir alla

Verkefnaáætlun
1999-2003

Menntun og menning fyrir alla

Efnisyfirlit

Fyrir alla	3
-Ávarp menntamálaráðherra	
Inngangur	5
Listir og menning	9
-Upplýsingatækni	
-Menningarmál	
-Æskulýðsstarf og íþróttir	
Menntamál	12
-Leikskóli	
-Grunnskóli	
-Framhaldsskóli	
-Háskólar, vísindi, rannsóknir	
-Endurmenntun, símenntun og fullorðinsfræðsla	



Fyrir alla

Í störfum mínum sem menntamálaráðherra síðastliðin fjögur ár hef ég skynjað mjög sterkt að við Íslendingar viljum að börn okkar búi við jöfn tækifæri og jafnan rétt. Við viljum ekki aðeins góða menntun fyrir suma - heldur fyrir alla. Við viljum ekki aðeins lifandi menningu fyrir suma - heldur fyrir alla. Á síðasta kjörtímabili náðist verulegur ávinningur í þessa átt. Nú vil ég gera enn betur.

Ég vil að allir hafi tækifæri til að stunda nám í góðum skólum. Á þessu kjörtímabili verður fjölmargt gert til að svo verði. Yngstu börnin fá enn betri þjónustu í leikskólum með fleiri menntuðum leikskólakennurum og nýrri aðalnámskrá. Frá upphafi skólagöngu verða sérþarfir nemenda metnar og fá lesblindir nemendur sérstaka þjónustu. Fatlaðir fá tækifæri til að stunda nám í framhaldsskóla allt að fjórum árum í stað tveggja enda taki námstilboð mið af þroska og hæfileikum. Spornað verður gegn brottfalli nemenda úr framhaldsskólum og komið til móts við þann hóp sem raunverulega stendur höllum fæti. Val nemenda eykst bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Þjónusta við nýbúa batnar og fullorðnir fá fleiri tækifæri til símenntunar. Staða nemenda á landsbyggðinni styrkist með auknu fjarnámi sem einnig nýtist langveikum nemendum.

Ég vil að allir landsmenn eigi þess kost að taka þátt í öflugu lista- og menningarlífi. Unnið verður að framkvæmd samninga um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar í miðborg Reykjavíkur. Bókasöfn landsins verða tengd í eitt öflugt tölvukerfi, aðgangur að rafrænum upplýsingabrunnum á hinum ýmsu fræðasviðum verður tryggður. Listasafn Íslands verður í nánara samstarfi við listasöfn á landsbyggðinni. Þjóðminjasafn Íslands endurskipuleggur starf sitt. Átak verður gert til að efla stuðning íslenskra fyrirtækja við menningarstarfsemi. Á landsbyggðinni verður menningarstarf eftir verulega í samvinnu við heimaaðila. Börn eiga rétt á skipulögðu tómstundastarfi í góðum tengslum við skólastarf.

Í menntun og menningu færirst takmarkið sífellt úr stað, því að ný viðmið og markmið leysa hin eldri af hólmi. Raunverulegur árangur í mennta- og menningarmálum felst þess vegna í staðfestu og einurð á langri vegferð. Ljúki einum áfanga hefst annar með nýjum áherslum og markmiðum. Ný og ítarleg verkefnaáætlun er viðleitni mín til að tryggja stefnufestu, skilvirkni og árangur í mennta- og menningarmálum fyrir alla!

Björn Bjarnason
menntamálaráðherra

Inngangur

Markmiðið með þessari verkefnaáætlun er skýrt, menntun og menning – fyrir alla. Til þess að raunverulegur árangur náist mun menntamálaráðuneytið fylgja þeirri áætlun sem hér fer á eftir af festu og ábyrgð.

Meginmarkmið

- Hrunðið verði í framkvæmd nýrri skólastefnu sem geri skólakerfinu kleift að standast samanburð við það besta sem þekkist á alþjóðavettvangi.
- Sérstaklega verði stuðlað að eflingu háskólastigsins, rannsókna og vísinda.
- Fylgt verði eftir hinu víðtæka menningarátaki ársins 2000. Menningarstarf verði eft um land allt og íslensk menning verði nýtt til að efla styrk þjóðarinnar og stöðu hennar í samfélagi þjóðanna.
- Upplýsingatækni verði nýtt með markvissum hætti í þágu fjölbreytilegs mennta- og menningarlífs.
- Unnið verði að því að tryggja stöðu íslenskrar tungu í upplýsingasamfélaginu.

Alþjóðlegar kröfur og samstarf

Alþjóðlegar kröfur ber að leggja til grundvallar við mat á öllu skólastarfi, rannsóknum og vísindum. Þær setja einnig mikinn svip á þróun menningar og lista. Um leið og miklu skiptir að standast slíkar kröfur, skal hlúð að íslenskum séreinkennum.

Alþjóðlegt samstarf á sviði mennta- og menningarmála er mikilvægur og vaxandi þáttur í því að tryggja stöðu Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Hnattvæðing felur ekki í sér að allir skuli steyptrir í sama mót, heldur að fulltrúar smærri menningarheilda hafi fleiri

og betri tækifæri en áður til að láta að sér kveða á forsendum eigin sögu og menningararfs.

Aukin áhersla á jafnrétti kynjanna

Við allt starf í mennta- og menningarmálum ber að virða hinar lýðræðislegu hugsjónir um jafnrétti kynjanna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því að auka kennslu um jafnréttismál í skólum. Fylgt verður eftir ákvæðum í nýrri aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla um aukna áherslu á jafnrétti kynjanna. Jafnréttiskrafa til menntunar og alhliða þátttöku í þjóðfélaginu hvílir á öllum, sem sinna skólastarfi. Þetta felur ekki endilega í sér sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfða jafnt til drengja sem stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti.

Nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum vinnur að tillögum um hvaða aðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna.

Menning og menntun- óháð búsetu

Markmið stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum eru skýr og þar er mikilvægi mennta og menningar til að treysta forsendu búsetu um land allt viðurkennt. Nýting hugvits og upplýsingatækni skapar nýjar forsendur á landsbyggðinni.

Gerri byggðastefna kröfu um að vikið sé frá almennum kostnaðarreglum vegna opinberrar þjónustu, ber að skilgreina slíkan kostnað sérstaklega, til dæmis í samningum um rekstur skóla á grundvelli reiknireglna.

Samvinna verður við Byggðastofnun og sveitarstjórnir um aukið menningarstarf í dreifbýli.

Árangursríkari stjórnarhættir

Fjárveitingar til skóla og menningarstofnana byggjast á samningum um árangursstjórnun. Sjónarmið einkarekstrar fá að njóta sín sem best í starfi þessara stofnana. Stuðlað verði að aukinni ábyrgð og kostnaðarvitund stjórnenda samtímis því sem svigrúm þeirra til ákvarðana um málefni eigin stofnana eykst. Rekstur verði færður í hendur einkaaðila eftir því sem kostur er.

Skipulega og vel verði staðið að gerð kjarasamninga. Ráðuneytið eigi virka aðild að kjarasamningum við stofnanir á sínu verksviði. Hallarekstur ráðuneytis og stofnana þess hverfi. Skýrar leiðbeiningar um starfsmannahald verði ætíð fyrir hendi.

Umsjón fasteigna sem heyra undir ráðuneytið, svo sem byggingar framhaldsskóla, verði í áföngum færð til Fasteigna ríkisins.

Aukið sjálfstæði og aukin ábyrgð stofnana á vegum ráðuneytisins krefst þess að það lagi starfsemi sína að þessari þróun.

Sjóðastarfsemi á vegum ráðuneytisins verði skipulögð þannig að fjármagn nýtist sem best.

Lögð verði áhersla á góða stjórnsýslu- og stjórnarhætti í samræmi við kröfur stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og álit umboðsmanns alþingis eða annarra eftirlitsaðila.

Vægi upplýsingatækni eykst

Upplýsingatækni verði nýtt á sviðum menntunar og menningar. Ísland skipi sess meðal þeirra þjóða sem standa fremst í upplýsingatæknivæðingu menntakerfis og menningarlífs.

Ráðuneytið haldi úti heimasíðu sem standist ströngustu kröfur.

Fylgt verði markmiðum stefnu ráðuneytisins í upplýsingatækni og hún endurskoðuð.

Tungutækni, það er notkun íslenskunnar í tölvu- og upplýsingatækni, verði nýtt í þágu íslenskrar menningar.

Fjarkennsla og fjarnám þróist og eflist.

Skipulega verði unnið að því að bóka- og skjalasöfn njóti góðrar rafrænnar þjónustu og veiti hana.

Listir og menning

Markmið ríkisstjórnarinnar er að standa vörð um íslenska tungu og þjóðmenningu og stuðla að öflugum lista- og menningarlífi sem sé aðgengilegt öllum landsmönnum.

Nýjar forsendur hafa skapast í lista- og menningarmálum með stofnun Listaháskóla Íslands.

Varðveisla menningararfsins

Sett verði lög um varðveislu menningararfsins, fornminjavörslu, starfsemi safna og húsafriðun.

Hlutverk Þjóðminjasafnsins verði skilgreint með hliðsjón af nýjum viðfangsefnum og breyttum áherslum.

Skráning og rannsóknir fornleifa byggist ekki einungis á frumkvæði og framkvæmd opinberra stofnana. Starfskraftar vaxandi fjölda vel menntaðra fornleifafræðinga fái notið sín í þágu brýnna verkefna víða um land.

Upplýsingatækni í þágu bókasafna

Því markmiði verði náð að eitt tölvuvætt bókasafnskerfi gildi fyrir landið allt. Skilaskyldu til safna verði mörkuð ný löggjöf þar sem m.a. er tekið tillit til rafrænna gagna. Tryggður verði aðgangur að alþjóðlegum gagnasöfnum með þjóðarsamningi eða í samvinnu við aðrar þjóðir.

Skipulega verði unnið að endurmenntun bókasafnsfræðinga og safnakennara í skólum.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hafi forystu um þróunarstarf í þágu bókasafna. Safninu verði búin aðstaða til varðveislu varaeintaka í Reykholti.

Þjóðskjalasafni Íslands verði gert kleift að sinna nýjum skyldum með varðveislu rafrænna gagna.

Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð

Samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 5. janúar 1999 um samvinnu við Reykjavíkurborg um að reisa tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í miðborg Reykjavíkur verði hrundið í framkvæmd.

Ný útvarpslög

Sett verði ný lög um almennan útvarpsrekstur en jafnframt sérstök löggjöf um Ríkisútvarpið. Almenn útvarpsstarfsemi taki mið af kröfum á evrópska efnahagssvæðinu. Með endurskipulagningu Ríkisútvarpsins fái kröfur einkarekstrar notið sín meira en nú í starfsemi stofnunarinnar. Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður og hluti af verkefnum sjóðsins flytjist til Kvikmyndasjóðs Íslands.

Íslensk kvikmyndagerð eflid

Fylgt verði eftir samkomulagi um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð og þar með munu fjárframlög til kvikmyndagerðar aukast verulega á næstu árum. Kvikmyndasafn Íslands verði efti við ný starfsskilyrði í Hafnarfirði. Sett verði ný löggjöf um kvikmyndastarfsemi.

Öflugri menningarstarfsemi

Forsenda þess að menningarstofnanir eflist enn frekar er að kröfur einkarekstrar og árangursstjórnunar einkenni starfsemi þeirra. Unnið verði að gerð samninga um árangursstjórnun við menningarstofnanir þar sem markmið þeirra, hlutverk og fjárveitingar eru skilgreind.

Meðal hornsteina í íslenskri menningarstarfsemi eru Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslands og Íslenski dansflokkurinn. Lögð er áhersla á að búa þeim hentug starfsskilyrði í þágu allra landsmanna.

Samið verði við sveitarfélög, einkaaðila og Íslensku óperuna um liststarfsemi, þ.á.m. um leiklist og tónlist.

Einkaframtak styðji menningu

Fyrirtæki og einstaklingar verði í auknum mæli hvött til að

styrkja íslenska menningu, meðal annars með því að nýta sér skattafrádrátt vegna framlaga til menningar. Átak verði gert til að efla stuðning íslenskra fyrirtækja við menningarstarfsemi.

Höfundarréttur tryggður

Tryggt verði að íslenskir höfundar og listflytjendur búi við réttarvernd hugverka samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum.

Samstarf við landsbyggðina

Menningarstarf á landsbyggðinni verði eftt í samvinnu við sveitarstjórnir og Bygðastofnun. Lög um félagsheimili verði endurskoðuð og taki mið af nýjum kröfum um aðstöðu til listsköpunar. Unnið verði að stofnun menningarhúsa. Haldið verði áfram samstarfi við heimamenn um rekstur menningarstofnana eins og Snorrastofu og Gunnarsstofnun.

Æskulýðsstarf og íþróttir

Stuðningur við íþrótt- og æskulýðsstarf verði aukinn og hlúð að öðrum skilyrðum heilbrigðs fjölskyldulífs. Barist verði gegn fíkniefnavandanum.

Ný löggjöf um æskulýðsmál

Sett verði lög um tómstundastarf barna sem leysi núverandi æskulýðslöggjöf af hólmi. Megináhersla verður lögð á að búa í haginn fyrir skipulagt tómstundastarf barna og unglinga undir 18 ára aldri, m.a. með hliðsjón af réttindum samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Markvissar æskulýðsrannsóknir

Stundaðar verði markvissar rannsóknir á unglíngamenningu og íþrótt- og tómstundastarfi barna og unglinga.

Hlutur kvenna í íþróttum aukinn

Fylgt verði eftir skýrslum um eflingu íþróttar og aukinn hlut kvenna í íþróttum. Stuðlað verði að aukinni samvinnu Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands og Ungmennafélags Íslands svo að opinberar fjárveitingar til stjórnsýslu á sviði íþróttamála nýtist sem best.

Menntamáli

Ný skólafelna er grundvöllur umbóta í íslensku skólafarfi. Á þessu kjörtímabili verður henni og aðalnámskrám á grundvelli hennar hrundið í framkvæmd á þremur fyrstu skólafstignum. Nýjum háskólalögum verður framfylgt og samið við einstaka háskóla um fjárveitingar á grundvelli árangursstjórnunar-samninga. Rannsóknir og þróun eru forsendur þess að efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar dafni áfram.

- *Jafnrétti til náms*
Öllum verði tryggð sambærileg tækifæri til náms, án tillits til búsetu og efnahags.
- *Upplýsingar um skólafarf*
Miðlað verði sem ítarlegustum upplýsingum um innra starf skóla til foreldra og nemenda og tryggt að allir hafi aðgang að niðurstöðum samræmdra prófa, námskrám og öðrum almennum reglum sem um skólafarf gilda.
- *Mat og eftirlit*
Lögð verði áhersla á mat og eftirlit með skólafarfi og verkefni á því sviði færð til einkaaðila eftir því sem kostur er.
- *Menntun fyrir alla*
Komið verði til móts við þarfir einstaklinga, bæði þeirra sem höllum fæti standa sem og hinna sem standa betur að vígi. Forgangsverkefni eru aukin þjónusta við lesblinda nemendur og stuðningur við fötluð börn og nýbúa.
- *Spornað gegn brottfalli*
Fylgst verði með framvindu nemenda með skráningarkerfi framhaldsskóla þannig að sýn fái st yfir til-færslur nemenda á milli skóla og ástæður brottfalls.

- **Nýjungar í stjórnun og rekstri**
Árangursstjórnunarsamningum um aukið frelsi og ábyrgð skólameistara við rekstur skóla verði fylgt eftir. Miðlun upplýsinga um fjárhagslega stöðu skóla verði bætt. Ráðuneytið lagi starfsemi sína að breyttum áherslum í samskiptum við skóla.
- **Þjónusta við skóla**
Skilgreint verði að nýju hvernig haga beri þjónustu við skóla vegna námsefnisgerðar, prófa og þróunar í námskrárvinnu, hverjir sinni henni og hvernig henni verði skipað með lögum.
- **Efling einkaskóla**
Einkareknum skólum verði fjölgað á öllum skólastigum og komið til móts við vaxandi áhuga á rekstri einkaskóla meðal einstaklinga, samtaka og fyrirtækja.

Leikskóli

Menntun starfsfólks bætt

Leitað verði leiða til að fjölga leikskólakennurum, meðal annars með fjarnámi í samvinnu við sveitarfélög og háskóla. Stefnt verði að samkomulagi um stöðu ófaglærðs starfsfólks á leikskólum. Skipulagðar verði leiðir til símenntunar.

Lög endurskoðuð

Lög um leikskóla verði endurskoðuð með hliðsjón af nýjum kröfum og áherslum.

Aðalnámskrá fylgt eftir

Nýrri aðalnámskrá verði fylgt eftir með markvissum hætti og hún endurskoðuð í ljósi reynslunnar við framkvæmd hennar.

Grunnskóli

Ný aðalnámskrá leggur grunn að markvissu skólastarfi. Markmiðið er að tryggja íslenskum nemendum nám sem er

sambærilegt því sem best gerist annars staðar. Það verði gert með því að styrkja og móta heilsteypt skólastarf, herða námskröfur og gera þær skiljanlegar öllum sem að skólastarfi koma, nýta kennslutíma til hins ýtrasta, auka sveigjanleika í námi og bæta árangur nemenda. Leggja ber áherslu á:

- Markvissara skólastarf.
- Traustari grunnmenntun.
- Bætta nýtingu kennslutíma og aukna þjónustu við nemendur.
- Sterkari einstaklinga með áherslu á lífsleikni.
- Tölvuleikni frá 6 ára aldri.
- Meiri móðurmálskunnáttu.
- Betri tungumálakunnáttu.
- Aukna kennslu í náttúrufræði og stærðfræði.
- Sveigjanlegt skólastarf.
- Aukið valfrælsi.
- Auknar námskröfur.
- Skýr námsmarkmið.

Aukið samstarf við foreldra

Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf verði á milli foreldra og starfsfólks. Öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er traust forvörn gegn hvers kyns vá, t.d. fíkniefnum og einelti. Foreldrar og samtök þeirra taki þátt í mótun skólasamfélagsins. Skólar leiti leiða til að auka samstarf við foreldra, til dæmis með nýtingu upplýsingatækni, m.a. á heimasíðum skóla og með tölvusamskiptum.

Samræmd próf gerð valfrjáls

Lögum um grunnskóla hefur verið breytt á þann veg að samræmdum prófum fjölgar úr fjórum í sex og þau verða valfrjáls. Vorið 2001 verða valfrjáls samræmd próf haldin í fyrsta skipti og fjölgað í sex ári síðar.

Rafrænn prófabanki stofnaður

Til að styrkja forsendur skólastarfs og auðvelda samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og valfrjáls samræmd próf í 10. bekk verði komið á fót rafrænum gagnabanka með prófverkefnum á grundvelli nýrrar námskrár. Þannig verði gerð samræmdra prófa auðvelduð og dregið úr kostnaði við gerð þeirra. Íslenskur prófabanki auðveldar sjálfsnám og fjar-kennslu innanlands sem utan.

Greining á lesblindu

Öllum grunnskólabörnum verður frá og með hausti 2000 gefinn kostur á að gangast undir lesskimun sem leiðir í ljós líkur á lesblindu.

Ný námsgögn – endurmenntun kennara

Nýrri aðalnámskrá verður áfram fylgt eftir með nýjum námsgögnum. Gerð námsefnis verður boðin út eins og kostur er. Endurmenntun kennara taki mið af framkvæmd og nýjum áherslum aðalnámskrár.

Aukinn agi í grunnskólum

Áhersla verður lögð á að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og einstökum bekkjardeildum. Gerð er krafa um námsaga og sjálfsgaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Spornað verður gegn einelti í skólum. Í endurskoðun er reglugerð um skóla-reglur og aga í grunnskólum.

Ný aðalnámskrá tónlistarskóla

Aðalnámskrá tónlistarskóla verður gefin út árið 2000 og kemur til framkvæmda á þremur árum.

Vefsíður fyrir börn og unglinga

Stofnanir og fyrirtæki verða hvött til að koma upp barnaútgáfum af vefsíðum sínum. Aðgengilegar upplýsingar á vefnum fyrir börn og unglinga skapa nýja vídd í notkun vefjarins í skólastarfi.

Framhaldsskóli

Ný lög um framhaldsskóla, ný aðalnámskrá og samningar um árangursstjórnun við hvern einstakan skóla er grundvöllur frekari framfara á framhaldsskólastigi. Fjórtnán starfsgreinaráð vinna að tillögum að nýjum námskrám, hvert á sínu sviði, og taka þátt í þróun verknáms. Frelsi nemenda til að móta eigin námsleiðir hefur verið aukið og er þeim treyst til að taka skynsamlegar ákvarðanir um námið með hliðsjón af áhugasviðum og framtíðaráformum. Mikilvægt er að gera kosti nemenda skýra, margbreytilega og afdráttarlausa.

Fistölvur fyrir framhaldsskólanema

Gert er ráð fyrir að allir nemendur framhaldsskóla fái fistölvu við upphaf náms á góðum kjörum. Tölvur þessar verða eign og á ábyrgð nemenda og komið verður fyrir viðeigandi tengingum og búnaði í skólum landsins.

Starfsmenntun eflid

Tryggð verði sérþekking og fjölbreytileiki í atvinnulífi með öflugu iðn- og starfsmenntakerfi. Starfsgreinaráð vinni að endurskipulagningu starfsmenntunar og námskráargerð. Huga verður að auknu námsframboði á sviði verkmennta. Gerð nýrra námskráa fyrir starfsnám verður lokið á næstu þremur árum. Stefnumótun í starfsnámi leiði af sér fleiri námstilboð, skýrari námskröfur og sterkari tengingu starfsmenntunar við atvinnulífið, auk þess sem ekki verði lokað á leiðir til háskólanáms.

Fjármagn fylgi nemendum

Samningar um rekstur framhaldsskóla byggjast á því að fjármunir fylgi hverjum nemanda og kostnaður við einstakar námsleiðir sé skilgreindur. Fé verði veitt til skóla í samræmi við fjölda þeirra nemenda sem ganga til prófs. Nemendum verði gerð grein fyrir tengslum vals á framhaldsskóla og fjármögnun til einstakra skóla.

Námsefnisgerð samræmd

Á grundvelli umsókna verður sérstaklega hugað að styrkjum til

námsefnisgerðar sem falla að áfangalýsingum og markmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla. Sérhæfing skóla og verkaskipting verði virt til að ná sem bestum árangri.

Endurmenntun framhaldsskólakennara aukin

Aðalnámskrá framhaldsskóla krefst nýrra vinnubragða í skólastarfi. Þeim kröfum þarf að mæta með því að efla endurmenntun. Áhersla verður lögð á þrjú svið: nýtingu upplýsingatækni í námi og kennslu, endurmenntun til að mæta nýjum kröfum í faggreinum og endurmenntun vegna skólanámskrágerðar og nýjunga í skólastarfi.

Lenging náms fyrir fatlaða

Sérdeildir fyrir fjölfatlaða og þroskahefta nemendur í framhaldsskólum verða eflar. Unnið verður að því að fötluðum nemendum standi til boða sambærileg tækifæri og öðrum nemendum.

Stytting á námstíma til stúdentsprófs

Unnið verður að stefnumótun og gerð framkvæmdaáætlunar um styttingu námstíma á bóknámsbrautum til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú.

Samræmd stúdentspróf

Námi á framhaldsskólastigi, sem veitir undirbúning til náms á háskólastigi, ljúki með stúdentsprófi. Settar verða reglur um samræmingu stúdentsprófa, framkvæmd þeirra og heimildir nemenda af öðrum námsbrautum til að þreyta samræmd stúdentspróf. Prófin verði haldin í fyrsta skipti á skólaárinu 2003-2004.

Ný upplýsinga- og tæknimenntabraut

Í tilraunaskyni hefur verið stofnuð ný bóknámsbraut, upplýsinga- og tæknimenntabraut, við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Unnið verði að lögfestingu brautarinnar með breytingu á framhaldsskólalögum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst af tilrauninni.

Háskólar, vísindi og rannsóknir

Öflugir háskólar, rannsóknir og vísindi eru grundvöllur efnahagslegra framfara. Næsta stórverkefni á sviði menntamála er að stuðla að eflingu háskólastigsins, framkvæma nýja háskólastefnu og skapa rannsóknnum og vísindum skilvirkari starfsskilyrði. Rammalöggjöf hefur verið sett fyrir háskólastigið og sérlög um einstaka háskóla. Settar hafa verið reglur um fjárveitingar til háskóla á grundvelli reiknilíkans. Svigrúm háskóla til sjálfstjórnar og ákvarðana um ráðstöfun fjármuna eykst. Efling grunnrannsókna er brýnt verkefni á sviði vísinda og fræðistarfa.

Ungir vísindamenn hvattir áfram

Í þágu nýrrar kynslóðar vísinda- og fræðimanna verði stuðlað að fjölgun nemenda í meistaranámi og eflingu rannsóknánámssjóðs.

Háskólanám gert sveigjanlegra

Stuðlað verði að sveigjanlegu háskólanámi og fjölgun námsleiða sem geri fólki á vinnumarkaði kleift að leggja stund á háskólanám. Einkum ber að nýta upplýsingatækni og stofna til samstarfs milli háskólastofnana og símenntunarmiðstöðva í þessu sambandi.

Betri nýting fjármuna - efling vísinda

Breyttar aðstæður, aukin samkeppni og ytri skilyrði gera kröfu til þess að fjármunir, sem varið er til rannsókna og vísinda, séu nýttir með markvissum hætti og dugi til að ryðja nýrri þekkingu braut. Með sameiningu rannsóknastofnana, markvissri stefnumörkun, endurskoðuðum rekstri og skýrri verkaskiptingu er unnt að nýta opinbert fjármagn betur í þágu nýsköpunar og þekkingar. Lækka ber kostnað við yfirstjórn rannsóknarstofnana og úthlutun úr sjóðum svo að hærra hlutfall fjárveitinga renni beint til rannsókna og þróunar. Lög um rannsóknastofnanir og Rannsóknarráð Íslands verða endurskoðuð í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Grunnrannsóknir verði eflar og hugað að svonefndum öndvegissetrum á sviði vísinda. Mikilvægt er að leita allra leiða til að nýta styrkleika einkaframtaksins í þágu vísinda.

Þjónusta LÍN bætt

Með skilvirkni og góðu skipulagi hafa skapast forsendur til að bæta þjónustu Lánasjóðs íslenskra námsmanna við stúdenta. Markmiðið er að sjóðurinn veiti viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu. Stuðli nánara samstarf við einkaaðila að bættri þjónustu sjóðsins ber að efla slíkt samstarf.

Einkarekstur á háskólastigi studdur

Með samningum ber að tryggja starfsgrundvöll þriggja einkarekinna háskóla; Samvinnuháskólans á Bifröst, Viðskiptaháskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Gefið hefur verið fyrirheit um að Listaháskóli Íslands verði kominn í viðunandi húsnæði haustið 2001.

Tækninám á háskólastigi verði tryggt í hagkvæmu rekstrar- og námsumhverfi.

Endurmenntun, símenntun og fullorðinsfræðsla

Menntun er æviverk. Endurmenntun, símenntun og fullorðinsfræðsla eru mikilvægir þættir í menntakerfinu auk endurnýjunar á færni og þekkingu.

Annað tækifæri til náms

Fullorðnum verði veitt annað tækifæri til að hefja nám að nýju með opnum samræmdum prófum í grunn- og framhaldsskóla.

Fjölbreyttara nám fullorðinna

Stefnt er að aukinni fjölbreytni í námi fyrir fullorðna á framhalds- og háskólastigi í samræmi við tillögur nefndar um símenntun til að fjölga þeim sem ljúka einhverju námi á þessu skólastigi. Einkum skal fjölga styttri starfsnámsbrautum og útfæra almennt grunnnám með hliðsjón af þörfum fullorðinna.

Símenntun á landsvísu

Stuðlað verði að rekstri símenntunarmiðstöðva í öllum landshlutum.

Átak í símenntun

Unnið verði áfram að framkvæmd átaks sem miðar að því að auka framboð, eftirspurn og gæði símenntunar. Liður í þessu átaki er að koma á upplýsingaveitu um framboð á lengra og styttra námi fyrir fullorðna sem jafnframt skilgreini samræmd gæðaviðmið til að tryggja lágmarks neytendavernd. Haldinn verði dagur símenntunar, stuðlað verði að samstarfi og samráði fræðsluaðila og atvinnulífs um símenntun og haldnir verði kynningarfundir og ráðstefnur. Ennfremur verði lögð drög að frekari stefnumótun.